



Grant Thornton

An instinct for growth™

Endurskoðun á útreikningi kaupréttar

Til: Bankasýsla ríkisins
Frá: Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi
Dags. 19. febrúar 2018

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
IS 108 Reykjavík
Sími: 520 7000
Fax: 520 7010
Grantthornton@grantthornton.is
www.grantthornton.is

Með verksamningi dagsettu 22. janúar 2018 var óskað eftir því að undirritaður kanni og endurskoði útreikninga Bankasýslu ríkisins (hér eftir Bankasýslan) á kaupverði á 13% eignarhlut Íslenska ríkisins í Arion banka hf. skv. hluthafasamkomulagi á milli ríkissjóðs, Kaupskila ehf og Arion banka hf dags. 3. september 2009 (hér eftir „hluthafasamkomulagið“ eða „kauprétturinn“).

Gögn til grundvallar yfirferðinni

Við yfirferðina fékk undirritaður aðgang að eftirfarandi gögnum á starfsstöð stofnunarinnar:

1. Hluthafasamkomulagið
2. Útgáfulýsing skuldabréfaflokks RIKH 18 1009 31.8.2009
3. Útgáfulýsing skuldabréfaflokks RIKH 18 1009 19.5.2010
4. Fundargerðir aðalfunda Arion banka hf. 2014 og 2015 til staðfestingar á arðgreiðslum.
5. Tilkynning til fyrirtækjaskrár 22. janúar 2010
6. Tilkynning til fyrirtækjaskrár um stofnun hlutafélags 18. október 2008
7. Bréf Kaupskila ehf. til Bankasýslu ríkisins 15. febrúar 2018

Þá afhenti Bankasýslan jafnframt afhenti á rafrænu formi upplýsingar um vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabanka Íslands á samningstímanum frá útgáfudegi skuldabréfanna til 8. febrúar 2018.

Framkvæmd könnunar

Hluthafasamkomulagið kveður á um að komi til nýtingar kaupréttarins skuli kaupréttarverð reiknað, sem upphaflegt stofnverð bréfanna (37,9310344 kr. á hvern hlut) framreiknað með áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi. Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir RIKH 18 1009 skuldabréfinu. Þá skyldi draga frá hlut íslenska ríkisins arðgreiðslum, sem kæmu til greiðslu á samningstímanum. Samningstími (determination period) er skilgreindur frá þeim degi sem íslenska ríkið skráði sig fyrir hlutafé í Arion banka hf (áður Nýja Kaupþing banka hf) og fram að uppgjörstími kaupréttarins og skal tilgreindur sem hlutfall úr ári með þremur aukastöfum. Framreikningur skal vera veldisreikningur.

Í útgáfulýsingu skuldabréfaflokks RIKH 18 1009 er kveðið á um með hvaða hætti ákvarða skuli vexti bréfsins. Hvert vaxtatímabil skal vera einn mánuður, frá og með 9. hvers mánaðar. Vextir skulu miðast við þá vexti sem Seðlabanki Íslands birtir reglulega sem vexti af viðskiptareikningum lánastofnana, tveimur viðskiptadögum fyrir sérhvern vaxtadag. Ef vaxtagjalddagi er ekki viðskiptadagur færast greiðsla vaxta til næsta viðskiptadags.

Samkvæmt fyrirliggjandi útreikningum er kaupgengi skv. hluthafasamkomulagi 90,087 kr. á hvern hlut. Meðalvextir á samningstímanum eru 5,81%¹, eða 10,81% með álagi, og samningstíminn 9,481 ár. Fjöldi hluta er 260 milljónir. Arðgreiðslur til íslenska ríkisins á samningstímanum, sem koma til frádráttar, voru samtals 2.680.600.000 kr., fyrst 15. apríl 2014, sem nam 1.015.430.000 kr., og síðan 17.4.2015, sem nam 1.665.170.000 kr. Kaupréttarverð er þannig 23.422.585.119 kr.

¹ Námundað, í útreikningum er stuðst við meðalvexti ónámundaða

Við yfirferðina tók undirritaður mið af forsendum hluthafasamkomulagsins en jafnframt eftirfarandi forsendum sem aðilar höfðu komið sér saman um:

- Arðgreiðslur, sem koma skyldu til frádráttar kaupréttarverði, skyldi dregnar frá á nafnverði, án þess að hafa áhrif á framreikning. Arðgreiðslur voru samtals 2.680.600.000 kr., fyrst 15. apríl 2014 sem nam 1.015.430.000 kr. og síðan 17.4.2015 sem nam 1.665.170.000 kr.
- Upphafsdagur samnings (date of initial subscription) skyldi vera 18. október 2008. Lokadagur skyldi vera 21. febrúar 2018.
- Framreikningur og mat á samningstíma í árum talið, skyldi taka mið af vaxtadagareglunni raun/360, enda var það sú vaxtaforsenda, sem kveðið er á um í útgáfulýsingu RIKH 18 1009.
- Ekki var ágreiningur milli aðila um vaxtarunu RIKH 18 1009, sem stuðst var við við útreikninginn.

Niðurstöður

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem afhent voru við könnuna, og þeim forsendum sem nánar er lýst í minnisblaði þessu, staðfestist hér með að útreikningar Bankasýslunnar sem liggja til grundvallar kaupréttarverði teljast í samræmi við fyrirbyggjandi hluthafasamkomulag. Samræmast útreikningarnir einnig því kaupverði, sem birt er í bréfi Kaupskila ehf. til Bankasýslunnar 15. febrúar 2018.

Reykjavík, 19. febrúar 2018



J. Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi